

# RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi  
Erindi nr. P 131/400  
komudagur 28.2.2005

BN/jhb

Reykjavík 24. febrúar 2005.

B.179/2005

Með bréfi dagsettu 9. þ.m. barst mér til umsagnar frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis skýrsla um umfang skattsvika á Íslandi, 442. mál.

Mér er kunnugt um efni umsagnar ríkislögreglustjórans, efnahagsbrotadeildar, um skýrsluna og tek undir allt sem þar er sett fram. Áréttað skal að ábendingar og tillögur nefndarinnar um aðgang skattyfirvalda að upplýsingum hjá bönkum og öðrum fjármálastofnunum þykja athyglisverðar og eðlilegar.

Hér verður einungis vikið í stuttu máli að kafla 14.9.5 í skýrslunni en þar kemur fram það álit nefndarinnar sem samdi skýrsluna, skipuð tollstjóranum í Reykjavík, ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra, að taka ætti til athugunar að færa saksókn og ákærvald í skattsvikamálum til embættis skattrannsóknarstjóra.

Rök nefndarmanna fyrir þessum hugleiðingum sýnast fremur veik og tæpast ástæða til að fjalla mikið um þau. Með sömu rökum mætti flytja hugleiðingar um að vinnueftirlitið ætti að fara með ákærvald í málum út af ætluðum brotum á vinnulöggjöfinni, Fiskistofa með ákærvald vegna ætlaðra brota á fiskveiðilöggjöfinni o.s.frv. Að sjálfsögðu getur lögregla og ákærvald sinnt flóknum málum á ýmsum sérsviðum bæði á rannsóknarstigi og fyrir dómstólum. Starfsmenn með reynslu, sérstaka þjálfun og þekkingu á meðferð mála á umræddu sérsviði sinna málunum á rannsóknarstigi þeirra og geta e.a. kvatt sér til aðstoðar sérfræðinga eða aflað greinargerða og rannsóknarskýrslna með því fá dómkvadda sérfræðinga til verka. Þá er ljóst að meðferð málanna fyrir dómstólum er á sérsviði ákærvalda en ekki á sérsviði skattyfirvalda.

Minnt er á að skattstjórar annast skatteftirlit, hver í sínu umdæmi, en ríkisskattstjóri hefur á hendi yfirstjórn skatteftirlits og fer með skatteftirlit á landinu öllu, sbr. 1. mgr. 102. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. lög nr. 129/2004. Verður ekki annað séð en að nefndar eftirlitsstofnanir eigi að geta afgreitt mál sem upp koma annað hvort innan skattkerfisins eða með því að kæra refsiverð brot til lögreglu. Embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins á sér ekki hliðstæðu á öðrum sviðum hér á landi og virðist full ástæða til að kanna hvort í stað þess að halda uppi starfsemi slíks embættis beri að efla skatteftirlit skattstjóra og ríkisskattstjóra og ennfremur þær deildir eða stofnanir lögreglu og ákærvalds sem annast meðferð ætlaðra refsiverðra brota á skattalöggjöfinni.

Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að leitað hefur verið upplýsinga um ýmis atriði í nágrennalöndum á sviði skattamála. Sýnist vel koma til greina að aflað verði frekari upplýsinga í þeim löndum sem við leitum gjarnan til eftir fyrirmyndum og þá fyrst og fremst til Danmerkur og Noregs vegna skyldleika réttarfars okkar við réttarfar nefndra landa og menningarlegra tengsla. Hugað verði sérstaklega að embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins í því sambandi, leitað stofnana til samanburðar við embættis skattrannsóknarstjóra ríkisins í löggjöf landanna og enn fremur aflað nákvæmra upplýsinga um fyrirkomulag saksóknar og ákærvalds í skattamálum.



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK